

## Sigurborg Ágústa Jónsdóttir

Fáir hrossaræktendur á Vesturlandi hafa markað eins djúp spor í ræktun íslenskra hrossa og Sigurborg en hún ræktaði mest undan og útaf Skeifu frá Kirkjubæ. Helst ber að nefna bræðurna Ófeig og Borgfjörð, og er hún enn að rækta hross. Sigurborg, eða Bogga á Báreksstöðum, er mjög góður knapi, fer vel á hesti, mjúk og lagin við skeið. Hún hefur tekið virkan þátt í félagsstörfum hestamanna og sat í stjórn Faxa um tíma þar sem hún lagði sérstaka áherslu á eflingu fræðslustarfs. Hún mætir enn á mótin, nú orðið sérstaklega til að fylgjast með afkomendum sínum sem mörg hver eru í hestamennsku. Bogga er heiðursfélagi í Hestamannafélaginu Faxa og hefur einnig hlotið heiðursviðurkenningu HrossVest. Sigurborg Ágústa Jónsdóttir hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.